

Upplýsingar til þátttakenda í gleðigöngu Hinsegin daga 2015

Eftirfarandi atriði þurfa að vera á hreinu og það er á ábyrgð ábyrgðaraðila að þessar upplýsingar berist til allra þátttakenda í þeirra atriði.

Göngustjórar og öryggisstjóri áskilja sér rétt til að vísa einstaklingum eða heilum atriðum úr göngunni ef ekki er farið eftir reglum.

Uppstilling og gönguleið

- Uppstilling hefst klukkan 12:00 við Læknagarð (merkt A á korti). Þegar þátttakendur mæta á svæðið hitta þeir starfsmann Hinsegin daga sem vísar þeim á réttan stað í uppstillingu. Göngustjórar og öryggisstjóri munu koma og tala við öll atriði til að athuga hvort öllum öryggisreglum og öðrum skilmálum sé framfylgt (sjá hér að neðan). Mjög mikilvægt er að mæta á réttum tíma því það er tímafrekt verk að stilla upp og finna öllum sinn stað í göngunni.
- Gönguleiðin verður sú sama og í fyrra, uppstilling er hjá BSÍ og svo gengið upp á Gömlu Hringbraut, síðan Sóleyjargötu meðfram Tjörninni, Fríkirkjuveg og Lækjargötu og loks fram hjá sviðinu sem verður við Arnarhól (merkt C á korti)
- Þegar gangan er komin framhjá sviðinu við Arnarhól er mikilvægt að allir þátttakendur fari strax út af göngusvæðinu og hlýði fyrirmælum göngustjóra og lögreglu. Þeir sem eru uppi á bílum þurfa að fara niður af þeim hratt og örugglega. Bílstjórar aka áfram eftir Lækjargötu og til vinstri út á Geirsgötu og gangandi þátttakendur fara til hægri upp á Arnarhól.

Rafstöðvar og/eða hljóðkerfi

- Þar sem leiga á þessum búnaði er talsverður útgjaldaliður fyrir Hinsegin daga viljum við að sjálfsögðu að hann sé notaður. Nokkuð hefur borið á því að fólk hætti við að nota þennan búnað á síðustu stundu og höfum við tekið þá ákvörðun að láta þá sem hætta við eftir mánudaginn 3. ágúst borga fyrir leiguna á búnaðinum. Við þurfum að fá kennitölu ábyrgðaraðila og ef hætt er við að nota búnaðinn kemur reikningur í heimabanka. Ef búnaðurinn er notaður kemur enginn reikningur.
- Rafstöðvarnar og hljóðkerfin eru sett á bílana á plani úti á Fiskislóð (D á korti), leiðin verður merkt að einhverju leyti með blöðrum. Mæting þangað er stundvíslega klukkan 9:00 að morgni göngudags.
- Aflestun rafstöðva og hljóðkerfa fer fram strax að göngu lokinni úti á Fiskislóð. Allir þátttakendur fara af pallinum um leið og bíllinn er kominn fram hjá sviðinu við

Arnarhól og bílstjóri keyrir svo beinustu leið út á Fiskislóð. Þar verður fólk sem hjálpar til við að taka hljóðkerfi og rafstöðvar.

- Vinsamlegast athugið að rafstöðvar eru fyrirferðarmiklar og mjög erfitt er að koma þeim fyrir í litlum fólksbílum, auk þess sem oft lekur úr þeim örlítið bensín og annað sem vont er að fá í áklæði. Ef þátttakendur vilja koma hljóðkerfi fyrir í fólksbílum þarf að hafa samband við göngustjórn og fá nánari upplýsingar.
- ATH! Ef rafstöðvum og hljóðkerfum er ekki skilað fyrir kl. 17 á göngudaginn (8. ágúst) verða lagðar á háar dagsektir.

Sviðstextar

Þegar atriðin fara fram hjá sviðinu við Arnarhól eru þau kynnt. Hvert atriði þarf sjálfst að sjá um að semja stuttan texta fyrir kynninn sem verður svo lesinn upp þegar þið farið fram hjá. Þessa texta þarf að senda í tölvupósti á gongustjori@gmail.com fyrir mánudaginn 3. ágúst.

Styrkir

Hægt er að sækja um styrk hjá Hinsegin dögum. Nánari upplýsingar um styrki má finna á heimasíðunni okkar: <http://www.reykjavikpride.com/> Vinsamlegast beinið öllum fyrirspurnum um styrki til gjaldkera Hinsegin daga: gjaldkeri@reykjavikpride.com.

Öryggisreglur og skilmálar þátttakenda í gleðigöngu Hinsegin daga 2015

1) Þátttakendum ber að fara í einu og öllu eftir öllum reglum Hinsegin daga í Reykjavík varðandi gönguna og hátíðarhöldin. Skráðir ábyrgðaraðilar hvers atriðis í göngunni bera auk þess ábyrgð á því að eftirfarandi reglum sé framfylgt og að allir þátttakendur í því atriði séu upplýstir um reglurnar.

Auglýsingar

2) Það er algerlega óheimilt að auglýsa fyrirtæki eða þjónustu í göngunni án samráðs við stjórn Hinsegin daga. Athugið að auglýsingar á bílnum og fötum teljast líka auglýsing. Bílar sem eru merktir auglýsingum mega taka þátt ef límt er fyrir auglýsinguna og er það á ábyrgð ábyrgðarmanns atriðis að sjá til þess að það sé gert.

3) Göngustjórar áskilja sér rétt til að vísa þátttakendum úr göngu ef þeir eru merktir auglýsingu án tilskilins leyfis, sem fæst eingöngu frá stjórn Hinsegin daga.

Öryggi:

4) Ölvun er ekki leyfð og engin sýnileg áfengislát mega vera í atriðunum. Sömuleiðis er óleyfilegt að vera undir áhrifum ólöglegra vímuefna.

5) Inni á lokaða göngusvæðinu er leyfilegt að keyra vélhjól án hjálms á meðan götulokanir gilda. Þátttakendur á vélhjólum verða þó að sjálfsögðu að nota hjálma í almennri umferð utan göngusvæðisins lögum samkvæmt.

6) Meðfram öllum bílum sem taka þátt í göngunni þurfa að ganga sjálfbóðaliðar sem gæta þess að enginn gangi fyrir bílinn eða verði undir dekkjunum. Þessi aðilar þurfa að tryggja að fjarlægð milli bíls og áhorfenda haldist a.m.k. einn metri. Minnst einn sjálfbóðaliði þarf að vera á hverju horni bílsins (alls fjórir) en stærri bílar þurfa að hafa fleiri sjálfbóðaliða. Miðað er við einn sjálfbóðaliða á hvert dekk bílsins. Þessir aðilar þurfa að fylgja bílum **alla** gönguna og geta **ekki** verið hluti af atriðinu sjálfu, en mega að sjálfsögðu vera klædd eins og þau vilja.

7) Allir þátttakendur sem eru uppi á bílum eða pöllum þurfa að geta haldið sér í traustu haldi allan tímann. A.m.k. 1 metra há girðing úr **traustu** efni þarf að vera utan um pallinn ef fólk stendur. Kaðall eða bönd eru ekki nóg en strekkibönd með strekkjara eru í lagi. Sérstaklega er mikilvægt að girðingin sé traust aftast á pallinum svo hún þoli álagið ef bíllinn tekur snögglega af stað.

8) Bílar sem taka þátt í göngunni þurfa að lúta almennum reglum um stærð ökutækja á meðan þeir eru að koma sér inn og út af göngusvæðinu og mega því ekki vera hærri en 4,20 m eða breiðari en 2,50 m. Inni á lokaða göngusvæðinu gilda þessar takmarkanir ekki en athugið að trén meðfram Sóleyjargötunni geta rekist í bíla og þátttakendur á pöllum sem eru hærri en 4,20 m. **Ef ökutæki fer út fyrir ofangreind stærðarmörk þarf það lögreglufylgd inn og út af göngusvæðinu.** Slík fylgd og allur kostnaður sem henni fylgir er algjörlega á ábyrgð hvers og eins atriðis en ekki Hinsegin daga. Engar lengdartakmarkanir eru á ökutækjum aðrar en þær að bíllinn þarf að geta keyrt gönguleiðina. Sér í lagi er mikilvægt að hann komist gegnum hringtorgið frá Gömlu-Hringbraut inn á Sóleyjargötu. Ábyrgðaraðilar atriða verða að sjá til þess að bílstjórar fái allar upplýsingar um gönguna með góðum fyrirvara og að þeir prófi að keyra leiðina á bílum sem notaður verður fyrir göngudaginn sjálfan.

9) Bannað er að dreifa bæklingum, nafnspjöldum, mat, drykk eða öðru slíku í göngunni nema leyfi hafi fengist hjá göngustjórn fyrir dreifingunni. **Stranglega bannað** er að kasta hlutum í átt að áhorfendum. Göngustjórn áskilur sér rétt til að stöðva óleyfilega dreifingu og/eða vísa viðkomandi atriði úr göngunni.

10) Ef slys verður á meðan göngunni stendur og koma þarf skilaboðum fljótt til áhorfenda og þátttakenda skulu þátttakendur sem hafa bíl með hljóðkerfi skilyrðislaust veita göngu- og öryggisstjórum aðgang að bíl sínum og afnot af hljóðkerfi. Einnig skulu allir þátttakendur vera reiðubúnir að slökkva á hljóðkerfum sínum ef göngu- og öryggisstjórar krefjast þess af öryggisástæðum.

11) Rétt er að allir séu vakandi fyrir vandamálum sem hugsanlega geta komið upp svo sem mótmælum og skemmdarverkum. Verði menn varir við slíkt skal haft samband við öryggis- eða göngustjóra eða skrifstofu Hinsegin daga nema málið þarfnist aðgerða tafarlaust, þá skal hafa beint samband við lögreglu í síma 112 og síðan við öryggis- eða göngustjóra.

12) Gæslumenn Hinsegin daga geta ekki handtekið menn. Þó er það borgaralegur réttur allra, gæslumanna jafnt sem þátttakenda og áhorfenda, að stöðva (handtaka) aðila sem ærast á almannaferi þannig að borgarar séu í hættu eða ef að viðkomandi sem framkvæmir aðgerðina verður sjálfur vitni að þjófnaði þess sem hann vill stöðva. Við borgaralega handtöku er þó ekki heimilt að binda, handjárna eða bensla hinn handtekna, það er aðeins á færi lögreglu. Hafa ber í huga að slík mál geta verið mjög vandmeðfarin og skal ekki beita þessum rétti nema í yfstrustu neyð.

13) Í neyðartilfellum skal haft strax samband við 112 og síðan öryggis- eða göngustjóra.

14) Göngu- og öryggisstjórar áskilja sér rétt til að vísa fólki og atriðum úr göngunni ef ekki er farið eftir ofangreindum öryggisatriðum.

Annað:

15) Allir bílar og fulltrúar atriða skulu mæta tímanlega í uppstillingu kl. 12 á göngudaginn.

16) Allir stórir pallbílar þurfa að hafa tröppu eða annan útbúnað á pallinum til að hægt sé að rýma bílinn á sem allra stystum tíma þegar komið er að Arnarhóli og göngunni er lokið. Oft myndast mikil ringulreið og tafir á þessum stað en mikilvægt er að draga úr því eins og hægt er. Göngustjórn gerir því þá kröfu til þátttakenda að þeir leggi sig alla fram um að rýma bílana á sem allra stystum tíma fyrir framan sviðið við Arnarhól og fari strax út af göngusvæðinu.

17) Þau atriði sem fá rafstöðvar og hljóðkerfi á vegum Hinsegin daga þurfa að skila rafstöðvum og hljóðkerfum strax að göngu lokinni samkvæmt þeim upplýsingum sem göngustjórar veita í aðdraganda göngunnar. Ef ekki verður farið eftir tilmælum göngustjóra um skil á búnaði verða háar dagsektir lagðar á ábyrgðaraðila atriðsins.

18) Hinsegin dagar gera þá kröfu að þátttakendur í gleðigöngunni sýni öllum virðingu, þar með talið menningu og sögu hinna ýmsu hópa. Búningar mega ekki vera niðrandi eða lýsa fordómum gagnvart menningu annarra og öðrum kynþáttum.

Dæmi um búning sem Hinsegin dagar telja óviðeigandi og vilja ekki sjá í gleðigöngunni er „black face“- búningur, þ.e. að mála sig í framan og koma fram sem manneskja af öðrum kynþætti en þátttakandinn er sjálfur. Þetta gildir einnig um það að klæða sig upp sem indjáni eða Kínverji og alla aðra kynþætti og menningarheima utan þess sem þátttakandinn tilheyrir sjálfur.

Af hverju er þess háttar búningur óviðeigandi? Um það má meðal annars lesa á eftirfarandi síðum á netinu:

<http://en.wikipedia.org/wiki/Blackface>

<http://racismschool.tumblr.com/post/18422652908/black-face-vs-white-face-whats-the-difference>

<http://kmschultz.hubpages.com/hub/Why-is-blackface-racially--socially-and-politically-incorrect>

19) Síðast en ekki síst beina Hinsegin dagar þeim tilmælum til þátttakenda og ábyrgðarmanna atriða að standa vörð um gleðigönguna og hleypa ekki utanaðkomandi og óviðeigandi aðilum inn í atriðin sín.